


Biskup Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 131/797
komudagur 17.2.2005

**Tillaga til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng
Umsögn biskups Íslands**

Hugmyndir um að breyta um þjóðsöng Íslendinga hafa skotið upp kollinum af og til. Yfirleitt eru rökin sú að þjóðsöngurinn sé lítt hæfur til almenns söngs svo sem á íþróttakappleikjum. Út af fyrir sig getur það verið satt og rétt, en gefur tæpast eitt og sér tilefni til þess að skipta þjóðsöngnum út fyrir auðsungnara lag. Þjóðsöngurinn er hluti menningararfsins og hefur lifað með þessari þjóð allt frá því hann var fyrst sunginn á þjóðhátíðinni 1874, þegar Íslendingar stigu fyrsta sinn fram sem þjóð meðal þjóða. Lofsöngur þeirra Matthíasar og Sveinbjörns snart innstu hjartastrengi þjóðarinnar og hefur ómað í þjóðarsálinni til þessa dags. Ef til vill vegna þess að söngurinn er bæn og þakkargjörð til almættisins, en ekki upphafning þjóðarstólts og rembu eins og þjóðsöngvar eru gjarna. Þjóðsöngur Íslendinga er bæn úr Saltaranum, nánar tiltekið 90. Davíðssálmi, og er tjáning auðmýktar andspænis þeim huga, vilja og valdi sem æðra er. Ég tel sjálfur þjóðsöng okkar fegurstan þjóðsöngva og sé enga ástæðu til að breyta honum.

Reykjavík, 11. febrúar 2005




Karl Sigurbjörnsson